SKÍÐASAMBAND ÍSLANDS

# Stjórnarfundur SKÍ

Fundargerð nr. 1636

*Miðvikudagur 9. mars 2022 / kl. 16.30 / Rafrænn fundur*

**Efni fundarins:** Fjórði stjórnarfundur Skíðasambands Íslands (SKÍ) 2021 – 2023.
**Fundarstjóri:** Bjarni Theódór Bjarnason (formaður).
**Fundarritari:** Hugrún Elvarsdóttir.
**Þátttakendur:** Bjarni Theódór Bjarnason formaður**,** Gísli Reynisson gjaldkeri**,** Hugrún Elvarsdóttir ritari, Einar Ólafsson formaður skíðagöngunefndar, Friðbjörn Benediktsson formaður snjóbrettanefndar og Dagbjartur Halldórsson afreksstjóri.

**Fjarverandi:** Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinanefndar, Jón Viðar Þorvaldsson framkvæmdastjóri og Jón Egill Sveinsson varaformaður.

*Fundur settur kl. 16.34.*

## Fundardagskrá:

1. **Síðasta fundargerð**
2. **Starfsáætlanir fagnefnd**
3. **Önnur mál**

## Fundargerð

1. **Síðasta fundargerð.**
    - Samþykkt samhljóða og fundargerð gerð opinber á vef SKÍ: Fundargerðir stjórnar | Skíðasamband Íslands (ski.is).
2. **Starfsáætlanir fagnefnd – Dagbjartur fer yfir.**
    - Farið yfir kostnaðaráætlanir alla þriggja nefndanna – Alpagreinanefndar (AGN), Skíðagöngunefndar (SGN) og snjóbrettanefndar (SBN).
    - Liðir kostnaðaráætlunar eru eftirfarandi:
        - Beinn styrkur til keppanda í A-B liðum nefnda.

        - Landsliðsþjálfari.
        - Niðurgreiðsla ferða f/landsliðsfólk.
    - Þáttaka í WC og EC.
        - HM/starfsmenn.
        - HM niðurgreiðsla kostnaður f/landsliðsfólk.
        - EYOF verkefni með ÍSÍ.
    - Hæfileikamótun.
        - Launakostnaður v/umsjónar.
        - Kostnaður verkefna hæfileikamótunar.
        - Æfingahelgar, þrekæfingahelgar og æfingaferðir erlendis o.s.frv.
    - Annað
        - Búnaður
            - Gísli spyr út í kostnað við búnaðarkaupin, mjög misjafnt milli nefnda.
            - Dagbjartur útskýrir að það sé búið að kaupa mikið af búnaði fyrir t.d. AGN síðustu ár en í SBN er ekki mikil þörf fyrir búnaðarkaup, „pörkin" eru sett upp þannig en í SGN þá er smurning o.fl. í tengslum við undirbúning skíða fyrir WC afar kostnaðarsamt ferli.
        - Fagteymi
        - Annar kostnaður
            - Friðbjörn spyr út í fatnað, er það undir búnaður?
            - Dagbjartur segir það falla undir búnað og annar kostnaður.
            - Friðbjörn tekur fram að SBN þurfi að fá betri fatnað, það hafi vantað upp á það.
    - Heildarkostnaður samtals
    - Úthlutað af stjórn
    - Afstemming
- Umræða um fjölda landsliðamanna í hverri nefnd fyrir sig:
    - AGN (A-lið: 4 B-lið: 6).
    - SBN (A-lið: 3, B-lið: 4)

        - SGN (A-lið: 3-4 B-lið: 2-6, eftir að reikna út hvernig þetta verður nákvæmlega).
    - Kostnaður greiddur fyrir keppnir er sá kostnaður sem fer í ferðalög, hótel gistingu o.fl. ekki fyrir undirbúning fyrir mót.
    - Í heildina fá nefndirnar (veltur á fjölda landsliðsmanna).
        - AGN 24.230.000 kr.-
        - SGN 19.500.000 kr.-
        - SBN 15.500.000 kr.-
3. **Önnur mál**
    - Bjarni Th. segir frá ferð sinni á Ólympíuleikana – mótshald, aðstaða, fæði, ferðalag o.fl.
    - Umræða Skíðamót Íslands (SMÍ).
        - Ólafsfirði og Dalvík síðustu helgina í mars.
        - Undirbúningur, mótshald, þátttaka stjórnarmeðlima, fundur stjórnar o.fl.

## Næsti fundur

- Bjarni Th. tekur umræðu um næsta fund við Jón Viðar og þeir leggja síðan undir stjórnarmenn til samþykktar.

*Fundi slitið kl. 17.24.*
*Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð*